

## **Starfsreglur jafnréttisnefndar Skógræktarinnar**

### **1. gr. Hlutverk og markmið nefndarinnar.**

Meginhlutverk jafnréttisnefndar Skógræktarinnar er að stuðla að því að jafnréttis sé gætt í hvívetna. Nefndin fer sömuleiðis yfir þau markmið og aðgerðir sem settar eru fram í þessari áætlun og framfylgir þeim.

Starfsvið jafnréttisnefndar nær til jafnréttismála í víðum skilningi sbr 65. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Jafnframt starfar nefndin í samræmi við gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

### **2. gr. Skipan nefndarinnar**

Jafnréttisnefnd Skógræktarinnar er skipuð þremur starfsmönnum. Mannauðsstjóri á þar fast sæti. Aðra nefndarmenn skipar skógræktarstjóri til þriggja ára í senn, þar af er annar tilnefndur af starfsmönnum. Gæta skal þess að bæði kyn eigi sæti í nefndinni. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum, þ.e. velur formann og ritara.

### **3. gr. Vinnulag nefndarinnar**

Nefndin heldur a.m.k. tvo fundi yfir árið, í byrjun febrúar og í byrjun september og oftast ef þörf er á. Formaður boðar til funda með dagskrá. Nefndin getur óskað eftir gögnum sem viðkoma umfjöllunarefnum hennar og kallað til gesti eftir þörfum. Niðurstöður funda teljast ekki marktækar nema allir nefndarmenn hafi samþykkt þær. Nefndin kynnir starfsmönnum fundargerðir sínar. Þá fjallar nefndin um þau mál sem óskað er eftir að hún skoði, s.s. frá starfsmönnum.

Einu sinni á ári stendur nefndin fyrir fræðslufundi um jafnréttisáætlun og jafnréttismál fyrir starfsmenn stofnunarinnar. Hún fylgir því sömuleiðis eftir að þeir sem ábyrgð bera á framkvæmd jafnréttisáætlunar sinni verkefnum sínum.

### **4. gr. Breytingar á starfsreglum.**

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar einu sinni á ári, á fyrsta fundi nefndarinnar. Þær skulu hljóta samþykki skógræktarstjóra.

Starfsreglur þessar voru samþykktar á fyrsta fundi jafnréttisnefndar 6. febrúar 2018.